



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Alþingi
Erindi nr. P 136/83
komudagur 14.11.2008

13. nóvember 2008.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn um Þingsályktunartillögu um að stofna samvinnu- og efnahagsráð

Í þessari tillögu til þingsályktunar er rætt um að setja á stofn samvinnu- og efnahagsráð sem starfi til frambúðar. Tillaga þessi er um margt lík tillögu sem kemur fram í Frumvarpi til laga um Efnahagsstofnun.

Það er alltaf nauðsynlegt að samskipti á milli ráðamanna og helstu hagsmunasamtaka séu greið og aldrei sem nú við þær erfiðu efnahagsaðstæður sem nú ríkja. Aftur á móti má telja ólíklegt að slíkt ráð nái samstöðu um ráðgjöf til stjórnvalda nema í einstökum málum. Því tel ég að slíkt ráð ætti fyrst og fremst að nota sem samráðsvettvang og leið til að koma mismunandi sjónarmiðum á frambærni við stjórnvöld.

Þegar kemur að tillögu um skipan ráðsins er gert ráð fyrir að þar sitji fulltrúi frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Þess ber að geta að fleiri háskólastofnanir hafa til að bera færur sérfræðingum á þessu sviði, t.d. hjá Rannsóknastofnun í fjármálum við Háskólann í Reykjavík.

Virðingarfyllst,

Katrín Ólafsdóttir, lektor
Viðskiptadeild
Háskólans í Reykjavík
Ofanleiti 2
103 Reykjavík

Háskólinn í Reykjavík
Ofanleiti 2, 103 Reykjavík
Kringlan 1, 103 Reykjavík
Höfðabakka 9, 110 Reykjavík
Sími/Tel: (+354) 599 6200
Fax: (+354) 599 6201
www.hr.is